# 56. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 6. mars 2017 og hófst hann kl. 16:15

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1702157 - Listamannahús við Faxabryggju**

   Erindi Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. f.h. Bergþórs Ólasonar og Jennifer Flume um að að fá að reisa (stöðuleyfi) listamannahús við Faxabryggju.

   *Málið kynnt. Óskað eftir frekari upplýsingum um verkefnið.*

2. **1701289 - Esjubraut 14 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa um stækkun bílskúrs**

   Fyrirspurn Árna Sigfússonar um að fá að stækka bílskúr við Esjubraut 14.

   *Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/201,*
   *fyrir eigendum fasteigna við Esjubraut nr. 10,12,16 og 18 og húsa við Hjarðarholt nr. 9,11,13 og 15.*

3. **1703034 - Fjöliðjan - umsókn um leyfi fyrir 20 fm. færanlegu húsi á lóð Dalbrautar 10**

   Umsókn Fjöliðjunnar um að staðsetja færanlegt 20 fm hús á lóð Dalbrautar 10.

   *Skipulags- og umhverfisráð felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.*

4. **1612074 - Árósarsamningurinn - innleiðing samnings um aðkomu almennings í umhverfismálum**

   Landsskýrsla um innleiðingu Árósasamningsins.

   *Lagt fram til kynningar.*

5. **1612066 - Umhverfismál á Akranesi - fyrirspurn**

   Fyrirspurn frá Herði Helgasyni um umhverfismál.

   *Lögð fram drög að svörum. Stefnt að því að leggja fram endanlega svör á næsta fundi ráðsins.*

**6. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 2. mars sl. að fela skipulags- og umhverfissviði að kanna hvaða lóð henti best til byggingar nýs búsetukjarna á vegum Akraneskaupstaðar. Ennfremur samþykkir bæjarráð að endurskoða fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2017-2020 til að tryggja fjármögnun á nýjum búsetukjarna og fól skipulags- og umhverfisráði að gera tillögu þar að lútandi.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að koma með tillögur að hugsanlegum staðsetningum undir nýjan búsetukjarna fyrir fatlað fólk.*

**7. 1703035 - Þétting byggðar í eldri hverfum**

Hugmyndir um skipulag lóða í eldri hluta bæjarins sem hugsanlega henti vel undir húsbyggingar.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að taka saman yfirlit yfir óbyggðar lóðir í eldri hluta bæjarins.*

**8. 1701169 - Baugalundur 1, 3, 5, 7, 9 og 11 - umsókn um byggingarlóðir**

Beiðni Sjamma ehf. um breytingu á deiliskipulagi Skógahverfis 2. áfanga.

*Skipulags- og umhverfisráð hafnar því að breyta einbýlishúsalóðum við Baugalund í parhúsalóðir.*

**9. 1702175 - Vesturgata 165 - lóðarleigusamningur endurnýjun**

Beiðni um að endurnýja lóðaleigusamning við Vesturgötu 165.

*Lagt fram.*

**10. 1610040 - Lóðaleigusamningar - útrunnir**

Endurnýjun lóðaleigusamninga sem féllu úr gildi 2016.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.**